

**Sveitarstjórn Norðurþings,
19. janúar 2023**

Vegna: Athugasemdir við tillögu að breytingu deiliskipulags Norðurhafnar

Ég sem íbúi á Húsavík geri eftirfarandi athugasemdir við breytingatillögu sveitastjórnar

1. Skortur á heildrænni framtíðarsýn fyrir hafnarsvæðið á Húsavík: Ég tel brýnt að horft verði til framtíðar hvað varðar allt skipulag á hafnarsvæði og að iðnaði og framleiðslu verði beint á Græna iðngarða eða annað iðnaðarsvæði sem ekki er á sama tíma menningar- og ferðamannastaður. Það, að hafa fjöldan allan af iðnaðarsvæðum í bænum er ekki vænlegt til framtíðar. Þá tel ég mikilvægt að horft verði til þess sem verið er að gera í mörgum Evrópulöndum, þar sem iðnaðarsvæði hafa verið endurbyggð sem græn svæði og íbúasvæði, þar sem ám er hleypt aftur fram og náttúrunni gert hátt undir höfði (t.a.m. í Þýskalandi). Þá hafa hafnarsvæði víðs vegar í Evrópu og Skandinavíu verið (endur)byggð sem menningar- og iðnaðarsvæði í bland, en bygging 6000fm² verksmiðjuhúss á helsta ferðamannasvæði Húsavíkur er að mínu mati stórt skref til fortíðar.
2. Umferð um hafnarsvæðið: Hafandi unnið við menningartengda starfsemi og ferðaþjónustu við höfnina á Húsavík sl. 20 ár, hef ég séð vöxt og umfang síðustu ára. Iðnaður, auk gríðarlegrar aukningar í komum ferðamanna kalla á að stigið verði varlega til jarðar hvað varðar frekari uppbyggingu á hafnarsvæðinu, uppbyggingu sem eykur umferð þungaökutækja til muna. Nú þegar er hafnarsvæðið hættulegt gangandi vegfarendum, en á sama tíma mikið aðdráttarafl heimafólks og gesta. Fjöldi ferða frá löndunarstað og að verksmiðju gerir ekkert annað en að auka á hættustig svæðisins.
3. Ekki er gert ráð fyrir aðstöðu til löndunar í tillögum um deiliskipulag. Því má gera ráð fyrir töluverðum akstri á hafnarsvæðinu í kringum landanir og miðað við áformað magn, verða ferðirnar ekki fáar.
4. Ég tel að framsetning tölvuteiknaðra mynda af fyrirhugaðri byggingu hafi gefið íbúum og öðrum skakka mynd af þeirri ásýnd sem byggingin mun búa yfir í raun. Það sjónarhorn sem sýnt er í allri umræðu er verulega bjagað og ætti heldur að sýna frá sjónarhorni gangandi og akandi vegfarenda.
5. Spilliefni geymd í verksmiðjuhúsnæði: Ég vísa aftir til þeirrar tímaskekkju sem bygging verksmiðju í miðbænum er í mínum huga, sérstaklega í ljósi þess að unnið er að uppbyggingu Grænna iðngarða.
6. Ótengt deiliskipulagi beint: Þá geri ég alvarlegar athugasemdir við verklag rannsókna fyrirtækisins sem óskar eftir lóðinni, hvað varðar mögulegar nytjar á stórþara. Ég tel það slæleg vinnubrögð að kaupa rannsakanda í verktakavinnu til að vinna frumrannsókn fyrir fyrirtækið sjálft. Ég geri líka athugasemd við stórfellda upptöku stórþara, þegar þaraskógar gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í vistkerfi hafsins t.a.m. í bindingu kolefnis. Nú þegar menn keppast um að planta trjám fyrir hverja flugferð sem þeir fara, er það í besta falli tímaskekkja að ætla á komandi árum að stuðla að uppróti skóga á hafsbotni.

Virðingarfyllt,
Huld Hafliðadóttir, íbúi í Norðurþingi